

Upplýsingar um sparnaðarleiðir séreignardeildar Festu - lífeyrissjóðs

Festa - lífeyrissjóður hefur gert samning við Glitni banka hf. um eignastýringu tveggja verðbréfasafna (Sparnaðarleið I og Sparnaðarleið II) sem sett hafa verið saman í samráði við sjóðinn. Gengi þessara tveggja safna verður reiknað daglega og því auðvelt að veita sjóðfélögum tíðari upplýsingar um ávöxtun séreignarsparnaðar.

Undirliggjandi eignir þessara tveggja safna eru í traustum innlendum skuldabréfasjóðum, og innlendum og erlendum hlutabréfasjóðum er taka mið af vísitölu Kauphallar Íslands annarsvegar og heimsvísitölu hlutabréfa sem og vísitölu Bandarískra stórfyrirtækja hinsvegar. Slíkir vísitölusjóðir eru ein traustasta leiðin til að taka þátt í væntri hærri ávöxtun hlutabréfa þegar til lengri tíma er litið.

Í **Sparnaðarleið I** er hlutfall skuldabréfa 60% og hlutfall hlutabréfa einnig 40%. Þessi sparnaðarleið hentar vel yngrri sjóðfélögum (yngrri en 50 ára) og þeim eldri sjóðfélögum sem vilja taka meiri áhættu.

Í **Sparnaðarleið II** er hlutfall skuldabréfa 70% en hlutfall hlutabréfa 30%. Þessi sparnaðarleið hentar frekar eldri sjóðfélögum og þeim yngri sjóðfélögum sem vilja taka minni áhættu.

Hægt er að færa sig á milli sparnaðarleiða síðar meir. Vinsamlegast hafið samband við skrifstofu sjóðsins ef óskað er frekari upplýsinga.